

## Skuldir:

Skammvinnt fjármagn:

1. Sveitarfélög, viðskiptareikn. ....	kr.	56 377 117
2. Lánasjóður sveitarfélaga .....	—	20 305 899
3. Landshlutasamtök sveitarfélaga .....	—	10 062 243
4. Innheimtustofnun sveitarfélaga .....	—	8 085 461
5. Samband íslenskra sveitarfélaga .....	—	2 862 243

Skammvinnt fjármagn samtals kr. 97 692 963

Framlagsfé vegna sveitarfélaga:

1/1 1975. Frá fyrra ári .....	kr.	325 287 687
Framlag 1975 .....	—	1 710 241 907

Kr. 2 035 529 594

— Úthlutun 1975 .....	—	1 494 592 386
-----------------------	---	---------------

kr. 540 937 208

Eigið fé:

Höfuðstóll 1/1 1975 .....	kr.	126 563 998
Tekjuafgangur 1975 .....	—	50 475 737

— 177 039 735

Kr. 815 669 906

*Félagsmálaráðuneytið, 17. ágúst 1976.*

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

*Lára Hafliðadóttir.*

10. september 1976.

Nr. 343.

## SAMÞYKKT

um hundahald í Njarðvík.

## 1. gr.

Hundahald er bannað í Njarðvík, að undanskildum þarfahundum á lögþýlum, leitarhundum og hundum til aðstoðar blindu og fötluðu fólki, samkvæmt læknisráði.

## 2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita einstaklingum búsettum í bænum undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- Hundurinn skal skráður á skrifstofu fógeta og þar fái eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
- Árlega skal greiða í bæjarsjóð leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið, sem bæjarstjórn ákveður fyrir eitt ár í senn skal renna til þess að standa strama af kostnaði við eftirlit með hundum í bænum og skal upphæðin við það miðuð. Gjaldið skal greitt við skráningu fyrir eitt ár í senn og síðan fyrirfram árlega.
- Skýlt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds, skal leggja fram kvittun frá tryggingafélaginu, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.

- d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn á leikvelli, skóla, matvöruverslanir eða aðra staði þar sem matvara er um hönd höfð.
- e) Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum er hundahald varða (þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts) svo og fyrir-mælum, er heilbrigðisnefnd setur.

## 3. gr.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skál hundinum komið fyrir, sé um minni háttar brot að ræða í fyrsta skipti, Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds. Bæjarstjórn er heimilt, hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

## 4. gr.

Ofangreind samþykki bæjarstjórnar Njarðvíkur staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. september 1976.*

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

*Ingimar Sigurðsson.*

## AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð og stöður bifreiða á Akureyri:

1. Umferð um Furuvelli skal víkja fyrir umferð um Hvannavelli (biðskylda).
2. Umferð frá Stórholti og Langholti skal víkja fyrir umferð um ónefnda götu, sem tengir Hórgárbraut við Krossanesbraut. Umferð um þessa nafnlausu götu skal víkja fyrir umferð á Skarðshlíð.
3. Bifreiðastöður eru bannaðar á Tryggvabraut frá Glerárgötu að Hjalteyrargötu.
4. Bifreiðastöður eru bannaðar á Þórunnarstræti frá Munkaþverárstræti að Glerárgötu.
5. Framúrakstur er bannaður á Skipagötu frá Kaupvangsstræti og norður fyrir verslunarhús Kjarna.
6. Bifreiðastöður eru bannaðar á 30 m kafla til norðurs frá gangbrautinni við Hafnarstræti 20.

*Bæjarfógetinn á Akureyri, 12. ágúst 1976.*

Ófeigur Eiríksson.